



Fundur skólastýra, skólaráðs og foreldrafélags Barnaskólans

Dagsetning: 30. október 2023, kl. 20:00

Mætt:

Skólastjórnendur: Hildur Sæbjörg Jónsdóttir, Ruth Margrét Friðriksdóttir

Fulltrúar úr skólaráði: Margrét Kolbrún Jónsdóttir, Kamilla Tryggvadóttir, Eiríkur Unnar Kristbjörnsson, Sunna Magnúsdóttir

Fulltrúar úr foreldrafélagi: Ríkharður Örn Ragnarsson, Svana Lovísa Kristjánsdóttir, Sólveig Margrét Kristjánsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Lilja Dögg Tryggvadóttir

Stjórn fundar: Hildur og Ruth

Efni fundar: Fyrirkomulag vorferða og skólabíll

Umræður á fundi:

Foreldrafélagið fékk nokkrar mínútur í upphafi fundar til að ræða önnur mál.

- Byrjað að ræða við stjórnendur um viðburði á skólatíma til að 5 ára börn fái að njóta viðburða. Samþykkt af stjórnendum.
- Hugmynd að fá stjórn Sævar, nýta þemaverkefni og fá viðburði tengda þeim. Foreldrafélagið stefnir einnig á að halda diskótek og spilakvöld.
- Umræða um fótboltabann í vali og spurning hvort foreldrafélagið kaupi efnivið til að hafa í boði í útivali. Talað um að bannið sé allt of langt og gagnrýnt. Ekki sé annað í boði fyrir drengina að gera, lífið sé fótbolti. Foreldrar fóru á náttúrubarnahátíðina á Hólmavík - sáu þar heimasmíðað dót eins og stultur og fleira sem hægt er að nota.
- Óskað eftir hugmyndum að efnivið sem foreldrafélagið getur keypt, hugmyndir sem voru nefndar voru að kaupa sippubönd, spil, tafset, brennibolta, rassapotur.
- Foreldrafélagið tilkynnir að næsti fundur sé nk. miðvikudag kl 20:00.

Hildur tekur við og kynnir efni fundarins: Fyrirkomulag vorferða og tilgangur þeirra.

- Farið yfir svör frá starfsfólki Barnaskólans um kosti vorferða og áskoranir í tengslum við ferðirnar.
- Farið ítarlega yfir aukið hlutfall barna sem njóta ekki vorferða og hvernig þær upplýsingar voru teknar saman af stjórnendum. Rætt um hvað er ásættanlegt að mörg börn njóti ekki í vorferðum.
- Fjallað um vitundarvakningu í tengslum við kynferðisumræðu almennt í samfélaginu og hvort sé ásættanlegt að bjóða starfsfólki og börnum upp á aðstæður sem krefjast þess að börn sofi uppí.
- Farið yfir kostnað með tilliti til jafnréttis og álags á starfið allt skólaárið. Kostnað per barn í síðustu ferð og launakostnað starfsfólks og veitt frí sem greiðslur til starfsfólks.
- Rætt um hversu mikilvægt er að meirihluti starfsfólks sé tilbúið að fara í vorferðir.
- Farið yfir tillögur að breyttu fyrirkomulagi, allir viðstaddir fengu að taka til máls og ýmsar tillögur ræddar með tilliti til kosta og galla.

Farið yfir hvernig hefur gengið með skólabílinn í haust og reynslu þá daga sem hefur verið sameinast með Víðistaðaskóla. Eftir að hafa vegið og metið allt var tekin ákvörðun um og gerður samningur frá 30. okt. til 15. des. um að skólinn verði með eigin bíl mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga þegar mesti fjöldi barna. Fimmtudaga og föstudaga þegar eru færri áfangastaðir og færri börn sem nýta bílinn verður um að ræða frístundaakstur á vegum Hafnarfjarðarbæjar í samstarfi við Víðistaðaskóla. Endurskoðað um áramót.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að 5 ára börn fara í dagsferð, 6 og 7 ára börn í eina nótt og 8 og 9 ára börn í tvær nætur.

Skólastýrur senda drög að tilkynningu um breytt fyrirkomulag á vorferðum á foreldrafélagið sem les hana yfir á fundi miðvikudaginn 2. nóv. Foreldrar í skólanum og starfsfólk fá tilkynninguna senda þegar hún hefur verið samþykkt af öllum.

Skólastýrur upplýsa um ákvörðun varðandi skólabílinn.

Fundi slitið kl 22:23